

Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf desember 2022

Dags: 23. nóvember 2022

Málsnúmer: 202201034/2.50.1

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki eftirfarandi tillögu:

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða langtímalán kr. 500.000.000, með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála sem liggja fyrir á fundinum í lánssamningi nr. 2211_41.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lántakan til fjármögnunar fjárfestingar í leik- og grunnskólamannvirkjum og til endurfjármögnunar afborgana lána frá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2022.

Jafnframt er Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mosfellsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Greinargerð


Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að Eignasjóður taki langtímalán að fjárhæð 1800 m.kr. sem er ætlað að fjármagna framkvæmdir ársins og endurfjármagna afborganir eldri lána eins og tiltekið er í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar ársins. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hefur veitt Mosfellsbæ vilyrði fyrir 1800 m.kr. langtímaláni á þessu ári.

Í mars síðastliðnum tók bærinn 600 m.kr. langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. með 1,00% vöxtum sem voru lægstu vextir sem bænum hafa boðist. Vaxtakjör sjóðsins ráðast af ávöxtunarkröfu í reglulegum útboðum sjóðsins auk 0,15% umsýsluálags. Á undanförunum vikum og mánuðum hefur ávöxtunarkrafan hækkað vegna aðstæðna í efnahagssumhverfinu. Í september tók bærinn 300 m.kr langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. með 1,95% vöxtum.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. býður bænum nú 500 m.kr. langtímalán með jöfnum afborgunum til 16 ára, með lokagjalddaga 20. febrúar 2039, verðtryggt með 3% vöxtum. Vaxtakjörin miðast við útboð sem sjóðurinn hafði í nóvember sem eru lægri en ávöxtunarkrafa á markaði. Á mynd má sjá þróun vaxtakjara á lánum sem Mosfellsbær hefur tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga síðastliðin fimm ár.



MOSFELLSBÆR
VIÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆNNI UMÞYGGJA



Í samræmi við lántökuáætlun ársins er lagt til að Mosfellsbær taki 500 m.kr. langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við meðfylgjandi lánessamning. Ekki er gert ráð fyrir frekari lántöku á árinu 2022.

Virðingarfyllst,

Pétur Jens Lockton
fjármálastjóri